

1855.
16. ágúst.

og að kaupmenn, af því þeir hefðu búizt við mörgum lausa-
kaupmönnum bæði útlendum og innlendum, hefðu ekki byrgt
sig eins og þeir voru vanir að nauðsynjavörum, og einkum
matvörum, svo að það muni verða einungis litlar, ef það verði
nokkrar, vöruleifar á verzlunarstöðunum við Faxaflóa í lok verzl-
unartímans, og hafið þjer auk þess beðið um frekari ráðstöfun
stjórnarinnar, ef að það með tímanum reyndist að vöruskortur
sá yrði, er menn óttuðust, og hafið þjer fært það til, að eins
og nú stendur geti landsmenn engan veginn á fyrsta ári gjört
hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að byrgja sig af vörum.

Þessu til svars læt jeg ekki hjá líða að gefa yður til vit-
undar, að stjórnin, eins og hún hefur sagt í brjefi sínu 29. janúar
þ. á., ekki lengur mun geta veitt neinn sjerlegan styrk í efni
því, er þjer ræðir um, og að hún einkum ekki, nú þegar öllum
þjóðum er leyfð sigling til Íslands, geti tekið sjer á herðar ábyrgð
þá, að verja nokkru fje til að byrgja Ísland að nauðsynjavörum,
heldur verði landsmenn að annast það sjálfir fyrir milligöngu
kaupmanna, og hefur stjórnin því ekki getað gjört annað að
verkum, en að sjá um, að efnið í brjefi herra stiptamtmannsins
yrði heyrum kunnugt, til þess að vekja athygli kaupmanna á
þessu máli, en biður yður að skýra nákvæmar frá, hvað þjer hafið
gjört til að birta fyrir almenningi innihald brjefs síns 29.
janúar þ. á.

41. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til byskups 29. ágúst. um djáknapeninga á Reynistaðarklaustri¹.

Með þóknanlegu brjefi yðar háæruverðugi herra 17. ágúst
f. á. kom til stjórnarráðsins bóнарbrjef; þar í biður Ólafur
Ólafsson, prestur til Reynistaðarklausturs, um að tekjur þær, sem
áður hafa verið lagðar til launa djákna þeim, er fyr var á klaustri-
inu, megi framvegis greiðast honum.

Eptir að þetta stjórnarráð hefur skrifazt á við innanríkis- og

¹) sbr. brjef 13. júní 1855 þjer að framan.

1855. fjárstjórnina um málið, vil jeg ekki láta hjá líða að gefa yður til
 29. ágúst. vitundar og biðja yður að skýra beiðanda frá, að stjórninni, eptir
 því sem á stendur, ekki þykir sjer fært að útvega hina umbeiddu
 endurbót á tekjum brauðsins.

13. septbr. **42. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
 mannsins um tekjur af Staðarbakka.**

Með þóknanlegu brjefi 10. maí næstliðinn hefur komið til
 stjórnarinnar bónarbrjef; þar í hefur Sveinn prestur Nielsson,
 sem 30. maí 1850 allramildilegast var veitt Staðarstaður og
 Búðir í Snæfellsness-sýslu, en fjekk ekki að vita um veitinguna
 fyr en fardagaárið 1850 var liðið, kvartað yfir úrskurði herra
 stiptamtmannsins 22. desember 1852, er skipar svo fyrir, að
 tekjurnar af brauði því, er hann áður hafði, Staðarbakka og
 Efranúpi í norður og austurumdæminu, fyrir fardagaárið 1850—
 51, skuli, að frá dregnum þeim kostnaði, er þurfti til að gegna
 embættisstörfum, falla undir eptirkomanda hans í síðast nefndu
 embætti, Gísla Gíslason, er þetta brauð var veitt 1. nóvember
 1850, en sem fyrst tók við brauðinu í fardögum 1851, og hefur
 sótt um, að annaðhvort verði úrskurði þessum breytt þannig, að
 það sje álitíð rjett að tekjur þær, sem orðið hafa afgangs af
 Staðarbakka-brauði á áður nefndu tímabili, beri undir hann, eða
 að það verði að minnsta kosti leyft, að mál þetta sje sótt að
 lögum.

Þessu til svars vildi jeg ekki láta hjá líða til vitundar og
 frekari auglýsingar fyrir beiðanda að skýra yður frá, að þar eð
 spurning sú, er hjer ræðir um, ekki snertir ágreining um skipt-
 ingu á tekjum embættis milli hins núverandi prests og þess, er
 var settur til að gegna embættinu, áður en presturinn tók við
 brauðinu, er yfirvöldin, samkvæmt tilskipun 3. febrúar 1836 IV.,
 hefði átt að skera úr, heldur um það hvor af tveimur, sá sem
 fór frá brauðinu, eða hinn núverandi prestur á Staðarbakka eigi,
 samkvæmt tilskipun 6. janúar 1847, að fá tekjurnar af brauðinu